

32. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar

Fundartími: Miðvikudagur 14. febrúar 2018 kl. 13.30

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon (í síma). Auk þess sátu þær María Kristjánsdóttir og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir fundinn.

Ritari fundarins: Ásta Stefánsdóttir

Gerðir fundarins

- 1. Beiðni um endurskoðun á notendasamningi vegna VG**
Samþykkt að greiða 8.133.000 kr sem heildargerðslu frá Bergrisa og sveitarfélaginu. Leitast verður við að fara með málið í farveg NPA innan 3ja mánaða. Greitt verður frá því að gengið verður frá nýju mati.
- 2. Staðfesting á möguleika Bergrisans til fjármögnunar þess hluta stofvirðis sem stofnframlag er ekki veitt til vegna byggingar nýs búsetuúrræðis**
Stjórn Bergrisan staðfestir að sveitarfélögon hafa möguleika á að fjármagna þann hluta stofnvirðis sem stofnframlag er ekki veitt til. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs veitir styrki til þessa hluta.
- 3. Þjónustusamningur við Vinakot**
Samningur samþykktur til sex mánaða. Í apríl þarf að liggja fyrir hvort verði framlengt.
- 4. Fundargerð 109. fundar þjónusturáðs**
Lagt fram.
- 5. Fundargerð 110. fundar þjónusturáðs**
Lagt fram.
- 6. Kynning á hugmyndum um þjónustuúrræði fyrir börn**
Rætt var um möguleika á að koma á fót sérstöku úrræði fyrir börn sem glíma við mikinn vanda. María greindi frá úrræði í Mosfellsbæ. Rætt var um Vinakot. Maríu falið að kanna möguleika á að koma slíku úrræði á fót, áætla kostnað og kanna með framlög Jöfnunarsjóðs.
- 7. Fundur með rekstraraðilum Sólheima sl. föstudag, umræður**
Rætt var um stöðu mála. Formanni falið að óska eftir fundi með velferðarráðherra.

ÁRBORG	
Bnr: 02.71	Mótt:
Abm: A. Stef	Mnr: 18051661